

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. maí 2017

19. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




ROLEX
OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE




MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



Vanmátum gamla varðhundinn

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, stjórnarformaður VÍS, segir félagið þurfa á breytingum að halda enda hafi VÍS verið eftirbátur sinna keppnauta á markaði. Hún gagnrýnir þá hluthafa sem hafi staðið gegn breytingum á stjórninni til að gæta „valdahagsmuna á kostnað arðsemissjónarmiða“. Hún segir að ekki standi til að selja hlut sinn í Kviku. »4



»2
Fékk lögbann á is Emmessis
Kjörís hefur stefnt Emmessis og vill staðfestingu héraðsdóms á lögbanni sem Sýslumaðurinn í Reykjavík lagði á framleiðsluvöru samkeppnisaðilans í lok nóvember.

»2
Missa iPhone yfir til Eplis
Eigandi Eplis hefur samið við Apple um umboð fyrir iPhone farsíma bandaríska raftækjaframleiðandans sem fjarskiptafélögin þrjú voru áður með.

»6
„Kerfið“ sigraði
„Popúlístum gengur ekki vel þegar efnahagslífið er í vexti. Og í Evrópu er aftur komið hagvaxtarskeið.“




OAKLEY
hjóla- og hlaupagleraugu

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK


KEFLAVÍKUR

Birgir Gilbertsson
járnkarl

Símafélögin missa Iphone umboðið yfir til Epli

Þetta er nýbúið að gerast,“ svarar Guðni Rafn Eiríksson, framkvæmdastjóri og eigandi Eplis, spurður hvort fyrirtækið hafi tryggt sér umboðið fyrir farsíma Apple hér á landi. Síminn, Vodafone á Íslandi og Nova hafa verið umboðsaðilar á farsímum bandaríska raftækjaframleiðandans síðan þeir fóru fyrst í sölu hér landi árið 2009.

„Við höfum hingað til verið með umboð á öllum vörum Apple nema Iphone. Fjarskipafyrirtækin hafa átt það síðan fyrsti síminn kom á markað en Apple vill nú fara í gegnum einn aðila en ekki þrjá,“ segir Guðni í samtali við Markaðinn.

Epli er bæði heild og smásali á vörum Apple og rekur tvær verslanir, við Laugaveg og í Smáralind. Fyrirtækið nýtur ákveðinna sérkjara á vörum frá Apple en hefur hingað til þurft að kaupa Iphone til endursölu af fjarskiptafélögnum þremur. Það er í eigu einkahlutafélagsins Skakkaturns sem Guðni keypti í desember í fyrra af

þeim Bjarna Ákasyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Eplis, og Valdimar Gíslasyni, fjárfesti og fyrrverandi handboltakappa. Guðni á í dag 80 prósent hlut í fyrirtækinu en Bjarni á 20 prósent.

„Þú getur keypt símana hvar sem er því það er ekki lengur til neitt sem heitir einkaumboð á raftækjum. Apple veitir aftur á móti ákveðna ábyrgð sem við þjónustum og síðan geta allir komið með símana hingað í þjónustu óháð því hvar þeir voru keyptir,“ segir Guðni.

„Menn leita að besta verðinu og þar þurftum við að vera samkeppnishæf. Þegar það kemur nýr Iphone á markað snýst þetta einnig um að fá vöruna á réttum tíma en fyrir okkur skiptir mestu að fá þjónustuna. Það er ekki mikill hagnaður af símasölu en við munum þjónusta símafyrirtækin hér heima og verðum þeirra birgir. Neytendur munu aftur á móti ekki finna fyrir neinum breytingum og áfram verður hægt að kaupa símana í öllum helstu verslunum.“ - hg



Epli rekur verslun við Laugaveg og í Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Höður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hótél, gistiheimili og skip.

ÖREIND – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660
oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart SAMTÖK RAFVERKTAKA



Fyrirtaka í máli Kjöriss gegn Emmessis verður í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kjörís og Emmessis takast á fyrir dómi

Sýslumaðurinn í Reykjavík lagði lögband á notkun Emmessis á vörumerkinu Toppis. Stjórnendur Emmessis breyttu nafninu, hafa gagnstefnt Kjörís í Hveragerði og vilja bætur. Verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag.

Kjörís hefur stefnt Emmessis og vill staðfestingu héraðsdóms á lögbandi sem Sýslumaðurinn í Reykjavík lagði á framleiðsluvöru samkeppnisaðilans í lok nóvember. Forsvarsmenn Emmessis hafa lagt fram gagnstefnu og fara fram á bætur enda telja þeir að einkaleyfi ísframleiðandans í Hveragerði á vörumerkinu Toppis hafi runnið út.

„Við förum fram á lögbandsbeiðni í lok nóvember á vöru þeirra Toppis sem var samþykkt og þeir komu með nýtt nafn á ísinn sinn sem heitir nú Happís. Þeir hafa aftur á móti ekki viðurkennt að við eigum vörumerkið Toppis, og vilja fá nafnið afskráð hjá Einkaleyfastofu á þeirri forsendu að við höfum ekki notað vörumerkið nógu mikið. Við áttum okkur ekki á framgangi þeirra og höfum varið okkar vörumerki,“ segir Valdimar Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Kjöriss.

Emmessis hóf í nóvember í fyrra sölu á ís í boxi undir heitinu Toppis. Forsvarsmenn Kjöriss fóru í kjölfarið fram á að nafninu yrði breytt og vísuðu til skráningar fyrirtækisins á vörumerkinu hjá Einkaleyfastofu árið 1996 og endurnýjun hennar tveimur áratugum síðar. Kjörís framleiðir vörur undir merkinu Lúxus toppis.



Emmessis kynnti í nóvember nýja vöru sem hét þá Toppis en var síðar breytt í Happís.

„Við höfum notað þetta meira og minna alla tíð. Þeir hafa notað vörumerkið Toppur og eiga það skráð,“ segir Valdimar.

Ragnar Birgisson, framkvæmdastjóri Emmessis, segir fyrirtækið hafa orðið fyrir tjóni vegna lögbandans enda hafi sala og dreifing á vörunni verið hafin.

„Við höfum unnið með auglýsingastofu við að finna nafnið og hanna vörumerki. Okkur fannst það í takt við að við erum með vinsælasta toppinn á Íslandi, Hnetutopp, og annað af okkar slagorðum er „Emmessis toppurinn á ísnum“. Okkur láðist að athuga hjá Einkaleyfastofu hvort þetta væri skráð en höfðum ekki orðið vör við neinn Toppis á markaðnum og töldum því

ekki að nafnið væri frátekið,“ segir Ragnar.

„Við höfðum svo samband við lögfræðing sem benti okkur á að þegar þú hefur ekki notað vörumerki í fimm ár fellur einkaleyfið úr gildi. Síðan kom í ljós að þeir eru ekki að selja undir vörumerkinu Toppis heldur Lúxus toppis. Þar kemur nafnið fram en eingöngu sem lýsing en ekki vörumerki. Kjörís þurfti að leggja fram tryggingu í lögbandinu og síðar að stefna okkur til að fá hana til baka. Við erum fyrst og fremst að endurheimta eitthvað af því tjóni sem við urðum fyrir. Ef lögbandið dæmist ógilt þurfa þeir að borga okkur tjón sem við höfum orðið fyrir,“ segir Ragnar.

haraldur@frettabladid.is

Salan á 69% í Ölgerðinni í höfn

Gengið var endanlega frá sölu á 69 prósent hlut í Ölgerðinni þann 27. apríl síðastliðinn. Ný stjórn fyrirtækisins var kjörin sama dag og tóku fulltrúar framtakssjóðanna Akurs fjárfestinga og Horns III þá sæti í stjórninni.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, staðfestir í samtali við Markaðinn að eigendaskiptin séu nú frágengin. Akur og Horn III eru að mestu í eigu lífeyrissjóða og keyptu framtakssjóðirnir 69 prósent hlutinn ásamt hópi einkafjárfesta. Söluverðið nam um fimm milljörðum króna þegar ekki er tekið tillit til skulda Ölgerðarinnar og handbærs fjár. Kom það fram í dómsmáli sem fyrrverandi hluthafi



Kaupsamningurinn var undirritaður í október. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

í Ölgerðinni höfðaði eftir að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hafnaði beiðni hans um lögband á sölu.

Októ Einarsson, sem á ásamt Andra Þór alls 31 prósent hlut í Ölgerðinni í gegnum OA eignarhaldsfélag ehf., var kjörinn stjórnar-

formaður fyrirtækisins á fundinum í lok apríl. Hermann Már Þórisson, framkvæmdastjóri Horns III, fór þá inn í stjórn félagsins ásamt Jóhannesi Haukssyni, framkvæmdastjóra hjá Íslandssjóðum sem reka Akur. Það gerðu einnig þær Rannveig Eir Einarsdóttir, forstöðumaður flugþjónustudeildar Icelandair, og Sýlvía Kristín Ólafsdóttir, starfsmaður Landsvirkjunar.

Eins og Markaðurinn greindi frá um miðjan mars biðu þáverandi og núverandi eigendur Ölgerðarinnar eftir samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir sölu á rúma fjóra mánuði að óþörfu. Salan var ekki tilkynningarskyld og úrskurðaði stofnunin endanlega um það í byrjun mars. - hg

GLOBAL FORUM

MARRAKECH, MOROCCO

Alternative Meets Classics in Credit Risk Management and FinTech

Alþjóðleg ráðstefna Creditinfo Group í Marrakech 20.-21. september 2017

Á ráðstefnunni fjalla frumkvöðlar, leiðtogar og sérfræðingar um áhættustýringu og nýjustu stefnur og strauma í fjármálatækni.

Þetta er kjörið tækifæri til að kynnast nýjungum, sækja sér innblástur og efla tengslin við fólknið og fyrirtækin sem standa fremst á þessu sviði í heiminum.

Skráning og allar upplýsingar á creditinfo.is eða í síma 550 9600.

Meðal fyrirlestra:

EY
Mark Gregory, Chief Economist UK & Ireland
The Future Lending

ShoCard, Inc.
Armin Ebrahimi, CEO and Founder
Identification Revolution and Blockchain

GenKey
Michiel van der Veen, CEO
Biometrics & Digital Identity in Credit Bureau and Finance Context

Coremetrix
Clare McCaffery, Managing Director
Alternative Data & Psychometrics in Credit Risk Management

CCP
Sophie Froment, Senior Vice President of People
How to engage and retain skilled IT staff?

Óháðir stjórnarmenn móti ekki stefnu VÍS

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, nýr formaður VÍS, segir að hún hafi í aðdraganda breytinga á stjórninni vanmetið „gamla varðhundinn sem gæti valdahagsmuna á kostnað arðsemissjónarmiða“. Hún ætlar ekki bregðast við gagnrýni um hæfi og selja í Kviku. Áhersla nýrrar stjórnar verður á tryggingastarfseminum.

Hörður
Ægisson
hordur@frettabladid.is



Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, fjárfestir og stjórnarformaður tryggingafélagsins VÍS, segir að átta prósentu hlutur sem hún og eiginmaður hennar, Guðmundur Örn Þórðarson, eiga í Kviku banka sé langtímafjárfesting og að þau hafi ekki uppi nein áform um að selja þá eign.

Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að sumir stórir einkafjárfestar í hluthafahópi VÍS hafi hvatt Svanhildi til að selja hlutinn í Kviku til að fríður skapist um störf stjórnar VÍS en hæfi hennar sem stjórnarformanns hefur verið dregið í efa vegna hagsmunatengsla við bæði VÍS og Kviku. Tryggingafélagið er stærsti eigandi bankans með 25 prósentu hlut.

„Það sem er mikilvægast í þessum efnunum er að hvorki stjórnarmenn, hluthafar eða aðrir séu með afskipti af eignum VÍS, og enn síður að þeir séu að skipta sér af mínum eigin fjárfestingum,“ segir Svanhildur í viðtali við Markaðinn þar sem hún ræðir þær deilir sem staðið hafa yfir innan stjórnar og hluthafahóps VÍS. Hún hafnar ásökunum fyrrverandi stjórnarformanns VÍS og framkvæmdastjóra Gildis um óeðlilega stjórnarhátti og segir þær fremur hljóma eins og „tylliástæða“ og ekki byggjast á neinum haldbærum rökum.

Hjónin Svanhildur og Guðmundur hafa verið áberandi í íslensku viðskiptalífi á undanförunum árum og voru aðaleigendur oliufélagsins Skeljungs þegar það var selt með milljarðahagnaði í árslok 2013. Í kjölfarið fóru þau að beina sjónum sínum að VÍS og í dag eru þau á meðal stærstu hluthafa tryggingafélagsins með um átta prósentu eignarhlut.

Fjárfestingafélag ykkar kemur fyrst inn í hluthafahóp VÍS haustið 2014 og í framhaldi af því farið þið að sækjast eftir áhrifum innan stjórnar félagsins. Af hverju ákváðuð þið að veðja á VÍS?

„VÍS hafði verið kynnt fyrir okkur af fyrirtækjaráðgjöfum nokkurra fjármálafrirtækja sem áhugaverður fjárfestingakostur þegar hlutur eignasýslufélagsins Klakka var settur í sölu. Einn þessara ráðgjafa var með hóp áhugasamra kaupanda sem óskaði eftir því að í honum yrðu fjárfestar sem hefðu reynslu og þekkingu til að taka sæti í stjórn og vinna þar að hagsmunum félagsins. Flestir á fjármálamarkaði voru sammála um að það væru augljós tækifæri sem lægju í rekstri VÍS en það vantaði kannski á þeim tímapunkti kjölfestuhóp eigenda sem kæmu inn í félagið með sterka framtíðarsýn um hvað þyrfti að gera til að ná árangri.

Við, eins og fleiri fjárfestar, sáum því fljótt að í VÍS leyndist óslíp- adur demantur. Það er mikið virði í sögu og starfsemi félagsins, öflugur hópur starfsmanna og verðmætur viðskiptamannagrunnur. Við slógum því til og keyptum í VÍS ásamt hópi fjárfesta. Í kjölfarið fórum við og hittum tvo af stærri hluthöfum félagsins á þeim tíma þar sem við kynntum þeim þá hugmynd að við myndum gefa kost á okkur í stjórn. Þar birtist okkur í fyrsta skipti mis-

●● **Í aðdraganda breytinga á stjórninni vanmátum við öll gamla varðhundinn sem gætir valdahagsmuna á kostnað arðsemissjónarmiða.**

munur í viðhorfum til stjórnarstarfs fyrir félagið. Við vorum að bjóða fram krafta okkar til að starfa fyrir VÍS og í einfaldni okkar töldum við að viðtæk reynsla af umbreytingu fyrirtækja og stjórnunarstörf í fjármálageiranum væri eftirsótt og gæti nýst félaginu. Þessum hluthöfum fannst við hins vegar vera að hrifsa til okkar völd, á meðan við vildum einfaldlega tryggja góðan rekstur.“

Skýrir það að einhverju leyti þann mikla óróa sem hefur einkennt stjórn og hluthafahóp VÍS síðustu misseri? Að sumir hluthafar líti svo á að þið séuð að „hrifsa til ykkar völd“ í krafti hlutfallslega litils eignarhlutar?

„Margir einkafjárfestar hafa komið auga á tækifærin sem leynast í VÍS og þeim hefur fjölgað mjög á síðustu árum. Eignarhlutur þeirra er orðinn óvenju hár miðað við mörg önnur félög og því er fullkomlega eðlilegt að kröfur til félagsins og stjórnarinnar hafi breyst. Við viljum einfaldlega að félagið nái góðum árangri og heldum við að það hlyti að vera markmið allra hluthafa, hvort sem þeir væru lífeyrissjóðir, fag- eða einkafjárfestar, að VÍS væri framsækið tryggingafélag sem starfsmenn, hluthafar og viðskiptavinir gætu verið stoltir af. Um það eru langflestir sammála, hvaðan sem þeir koma, en í aðdraganda breytinga á stjórninni vanmátum við öll gamla varðhundinn sem gætir valdahagsmuna á kostnað arðsemissjónarmiða.“

Dýr viðskiptavinahópur

Við sjáum að gengi bréfa VÍS hefur hækkað mun minna síðustu misseri í samanburði við hin tryggingafélögin á markaði. Hefur þessi ósamheldni í stjórn og hluthafahóp félagsins skaðað félagið?

„Núverandi stjórn félagsins er mjög samstíga og samstarfið er gott. Eftir að fyrrverandi stjórnarformaður, Herdis Dröfn Fjeldsted, gekk frá borði kom varamaður inn í stjórnina og það er mikill sam- hugur í þessum fimm manna hópi, enda hvílir sú ábyrgð á stjórnarmönnum að sinna þeim skyldum sem þeir voru kosnir til. Hitt er rétt, að VÍS hefur verið eftirbátur sinna keppinauta á markaði undanfarin ár en ástæðan er fyrst og fremst sú að afkoman hefur verið undir væntingum. Við viljum skila árangri og trúum því að markaðurinn muni meta hann með tíð og tíma. Í því samhengi trúi ég á mikilvægi þess að einkafjárfestir taki þátt í að móta stefnu félagsins en láti ekki óháðum stjórnarmönnum það eftir.“

Afkoma VÍS af bæði váttrygginga- og fjárfestingastarfseminni hefur verið lakari en hjá TM og Sjóvá. Hvernig hyggst ný stjórn bæta afkomuna?

Tryggingarekstur einkennist almennt ekki af miklum breytingum en í dag erum við sjá fram á miklar tækniframfarir sem munu umbýla því hvernig tryggingafélög starfa gagnvart neytendum á næstu árum. Meiri sjálfvirknivæðing, verðlagning og samskipti í gegnum

snjallsímataeki og eins upplýsinga- söfnun um viðskiptavinum í gegnum þessi sömu tæki er eitthvað sem þarf að eiga sér stað og þar er VÍS, ásamt kannski hinum íslensku tryggingafélögum, ekki komið nægjanlega langt.

Slík sjálfvirknivæðing á allri þjónustu, ef vel að henni er staðið, ætti þá að draga úr kostnaði en afkoma tryggingafélaganna af váttryggingastarfseminni hefur verið talsvert daprari en við sjáum til dæmis á hinum Norðurlöndunum þar sem samsett hlutfall fyrirtækjanna er um 90 prósent. Hér hafa félögin verið nokkuð ánægð ef það er undir 100% og ekki er tap af tryggingarekstrinum en oft hefur hlutfallið verið mun hærra. Þetta virðist vera eitthvað sem hefur með áhættumat á verðlagningu að gera sem við erum ekki að meta rétt gagnvart viðskiptavininum. Við erum enn í dag að meta alla eins en með þeim upplýsingum sem við getum fengið í gegnum snjalltækin er hægt að fara raða viðskiptavinum í ólíka áhættuflokk. Þetta eru atriði sem eru gríðarlega mikilvæg í framtíð tryggingaþjónustu.

Það sem er einnig áhyggjuefni í rekstri VÍS er hátt tjónahlutfall. Við verðum að greina nánar af hverju það er mun hærra hjá VÍS en hinum tryggingafélögum á markaði, meðal annars hvort við séum með dýrari viðskiptavinahóp. Þá er það rétt að fjárfestingastarfsemin hefur ekki staðið undir væntingum og við þurfum að finna leiðir til að auka arðsemi af fjárfestingum félagsins.“

Kvika aðeins fjárfestingaeign

VÍS hefur eignast um 25 prósentu hlut í Kviku fjárfestingabanka. Mörgum finnst ósennilegt að félagið ætli sér að vera með jafn stóra eign í banka sem einungis hluta af áhættudreifingu í fjárfestingabók VÍS. Stendur til að kaupa stærri hlut í bankanum og að það verði samstarf milli þessara félaga?

„Kaup VÍS í Kviku gerast í tíð fyrri stjórnar og það var undir forystu fyrrverandi stjórnarformanns og forstjóra sem tekin var ákvörðun um að fjárfesta í Kviku. Núverandi stjórn vill leggja áherslu á kjarna- starfsemi félagsins og hlúa að innviðunum sem endurspeglast meðal annars í ráðningu á nýjum forstjóra, Helga Bjarnasyni, sem hefur gríðarlega mikla þekkingu og reynslu á tryggingarekstri.

Að vissu leyti er það áherslubreyting þar sem fyrri stjórn og sumir af stærstu hluthöfum félagsins vildu horfa til þess að útvíkka starfseminna. Kvika er í dag skilgreind sem fjárfestingaeign og hún verður það áfram. Það eru vitaskuld tækifæri fölginn í samstarfi Kviku og VÍS á sviði fjármála- og tryggingaþjónustu en á þessum tímamarki er að mínu viti mikilvægast að koma félaginu sjálfu upp úr gömlum hjólförum, bæta reksturinn og vinna skipulega fyrir hluthafa félagsins.“

En það er ekki aðeins VÍS sem á hlut í Kviku. Þú og eiginmaður þinn, sem situr í stjórn bankans, eigið átta prósent í Kviku. Er ekki augljós hættu á hagsmunaaðrekstri vegna þessara eignatengsla sem hefur áhrif á hæfi þitt sem stjórnarformaður?

„Það gilda skýr lög og reglur um hagsmunatengsl í hlutafélögum sem ég hef fylgt í einu og öllu – og jafnvel gengið lengra en þörf krefur. Við höfum í gegnum tíðina verið að



„Það er mikilvægt að stjórnarmenn, hluthafar eða aðrir séu ekki með afskipti af eignum

8%

nemur hlutur félags- hjónanna í Kviku en Guðmundur tók nýlega sæti í stjórn bankans.

vinna í tveimur aðskildum eftirlits- skyldum félögum. Ég sé um fjárfestinguna okkar í VÍS og hann um fjárfestinguna okkar í Kviku. Við höfum skilið þarna á milli og kaup okkar í Kviku koma til áður en VÍS tekur ákvörðun um að fjárfesta í bankanum. Þegar það koma upp mál á borð stjórnar sem tengjast félögum sem ég hef fjárfest í, eins og í Kviku, þá vik ég af fundi. Það hefur einu sinni gerst eftir að ný stjórn tók til starfa og þá fól ég varaformanni stjórnar,

Helgu Hlín Hákonardóttur, stjórn á þeim fundi.“

Fyrrverandi stjórnarformaður VÍS hefur sakað þig um óeðlilega stjórnarhátti og að þú hafir viljað að stjórn félagsins myndi hafa aukna aðkomu að einstökum fjárfestingum félagsins.

„Þær ávirðingar eru rakalausar. Ég vil að félagið einbeiti sér að sinni kjarnastarfsemi og það er hlutverk stjórnarinnar að styðja við félagið og leggja stóru linurnar. Stjórn VÍS mun ekki skipta sér af einstökum fjárfestingum félagsins. Svo einfalt er það. Það kann að hafa verið raunin í tíð fyrri stjórnar, til dæmis með aðkomu fyrrverandi stjórnarformanns að kaupunum í Kviku.“

En framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, sem var þangað til fyrir skemmstu einn af stærstu hluthöfum VÍS, hefur tekið í sama streng varðandi stjórnarhátti félagsins og sagt það ástæðu þess að sjóðurinn hefur minnkað verulega hlut sinn að undanförmu.

„Forsvarsmenn þeirra sem hafa



VÍS, og enn síður að þeir skipti sér af mínum fjárfestingum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þrír forstjórar á einu ári

Tilkynnt var um það á dögunum að Helgi Bjarnason, sem hefur verið framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka, hefði verið ráðinn forstjóri VÍS og tæki við starfinu af Jakobi Sigurðssyn, en hafði gegnt því á aðeins átta mánuði, og sagði því lausu þann 19. apríl síðastliðinn.

Svanhildur segir aðspurð að það hafi vissulega komið nokkuð óvænt upp þegar Jakob tilkynnti um ákvörðun sína en hún hafi gefið stjórninni færi á því að vanda til verka þegar leitað var að eftirmanni Jakobs.

„Ráðningin á Helga var afrakstur mikillar yfirlegu þar sem áherslan var lögð á faglega nálgun frá upphafi til enda með utanaðkomandi ráðgjöf frá Capacent. Við erum afar ánægð með niðurstöðuna og ráðningin hefur mælst vel fyrir enda hefur Helgi fjölbreytta reynslu sem nýtist vel í starfi forstjóra tryggingafélags og nýtur augljóslega mikils traust á markaði. Hann verður þriðji forstjóri félagsins á einu ári, en ég trúir því að með honum verði ákveðin vatnaskil og festa komist á stjórnun fyrir-tækisins. Ég vænti þess að það sama eigi við stjórnina sjálfa.“

selt eða hyggjast selja hluti í félaginu hafa ekki sett sig í samband við okkur til að ræða þessi mál eða önnur sem tengjast félaginu. Vonandi verður breyting þar á svo hlutirnir skýrist og við þurfum auðvitað að huga vel að upplýsingamiðlun til okkar hagsmunaaðila. Hins vegar hafa allir rétt á því að kaupa og selja

bréf í félaginu en mér finnst það hljóma eins og tylliástæða að visa til ávirðinga um óeðlilega stjórnarhætti sem byggja ekki á haldbærum rökum eða gögnum. Í því samhengi er rétt að nefna að fyrirverandi stjórnarformaður sat engan fund í félaginu eftir að stjórn skipti með sér verkum eftir aðalfund í mars.“

Hræðist ekki þessa umfjöllun

Hefur Fjármálaeftirlitið (FME) séð ástæðu til að skoða þessi eignatengsl sem eru á milli VÍS og Kviku og banka?

„Við fengum fyrirspurn frá FME um fyrirætlanir okkar með þessa eign í Kviku en svör okkar til eftirlitsins voru þau að þetta væri aðeins eign í fjárfestingabók, og að svo yrði áfram, og að við ætludum að einbeita okkur að uppbyggingu tryggingarekstursins. Samstarf milli þessara félaga kemur til greina í framtíðinni en það er einhver tími þangað til slíkt getur orðið að veruleika.“

Sumir stórir einkafjárfestar í hluthafahópi VÍS telja að eignarhald ykkar hjónanna í Kviku sé óheppilegt og hafa komið þeirri skoðun sinni á framfæri við þig að það færi best á því að þið mynduð losa um hlutinn í bankanum til að friður skapist um störf stjórnar VÍS. Kemur til greina að selja hlut ykkar í Kviku?

„Í stjórnnum allra tryggingafélaga eru aðilar sem hafa fjárfest í félögum sem einnig er að finna í fjárfestingabókum tryggingafyrirtækjanna. Það er ekki óeðlilegt og nokkuð sem fylgir því að vera fjárfestir á markaði. Eins og áður sagði kom fjárfesting mín í Kviku banka til áður en fyrri stjórn VÍS, undir forystu Herðísar, ákvað að kaupa í Kviku og er því alls ótengd mér. Ég hef komið að fleiri fjárfestingum sem ég og yfirmaður eignastýringar VÍS virðast deila trú á, meðal annars í Icelandair og Högum. Það sem er mikilvægast í þessum efnum er að hvorki stjórnarmenn, hluthafar eða aðrir séu með afskipti af þessum eignum VÍS, og enn síður að þeir séu að skipta sér af mínum eigin fjárfestingum.“

Sérðu fyrir þér að það komist á starfsfriður um störf stjórnar félagsins við þessar aðstæður?

„Það var ljóst frá upphafi að það yrði ósætti við breytta verkaskiptingu stjórnar. Það sem við vissum ekki var hvaða mynd slíkt ósætti ætti eftir að taka á sig eins og við höfum orðið vitni á síðustu dögum og vikum. Ég hræðist ekki þessa umfjöllun eða rakalaugar ásakanir. Ég trúði lengi vel á að maður ætti einungis að láta verkin tala og að það yrði á endanum ofan á. Mér var hins vegar nýlega bent á að það eru ekki verk sem tala, heldur fólk. Ég er mjög bjartsýn á framtíð VÍS og tel við séum komin langt á veg með að ýta úr vegi stærstu hindrunum. Ég hef mikla trú á starfsmönnum og stjórnendum VÍS og veit að þau stýra félaginu í gegnum þessa umfjöllun.“

Kom framboð Herðísar á óvart

Kom þér á óvart þegar Herðis ákvað að segja sig úr stjórninni aðeins tveimur vikum eftir aðalfund?

„Já, en hitt kom mér meira á óvart að hún hefði ákveðið að bjóða sig fram, ef formannssætið skipti svona miklu máli, því öllum mátti vera ljóst að við vildum sjá breytingar á stjórninni sem á endanum myndu skila betri afkomu félagsins. Það á enginn tilkall til formannsembættisins en það reyndi aldrei á samstarf okkar í stjórninni og því komu ávirðingarnar á óvart.“

Afsögn Herðísar heldur áfram að draga dilk á eftir sér og í síðustu viku bárust fréttir af því að Lífeyrissjóður verslunarmanna, stærsti hluthafi VÍS og sá sem hafði stutt Herðisi, hafi í hyggju að fylgja í fótspor Gildis og selja verulegan hluta af eign sinni í félaginu. Hlutabréfaverð VÍS, eins og fyrirsjáanlegt var, lækkaði mikið í kjölfarið. Er þetta ekki áhyggjuefni?

„Gengi hlutabréfa sveiflast upp og niður en aðalatriðið er að línan sé upp á við til lengri tíma lítið. Sjálf er ég langtímafjárfestir í félaginu og er sannfærð um að mínu fé sé þar vel varið. Þrátt fyrir lækkunina undanfarna daga er gengið talsvert hærra nú en það var fyrir aðalfundinn í mars. Hitt skal ósagt látið hvort það sé almennt skynsamlegt fyrir fjárfesta að láta fyrirætlanir sínar um að minnka eignarhlut í skráðu félagi spyrjast út því seljandi hlýtur alltaf að vilja hámarka verðið sem hann

Við fengum fyrirspurn frá FME um fyrirætlanir okkar með þessa eign í Kviku.

fær fyrir hlut sinn. Á hinn bóginn skapast kaugtækifæri fyrir aðra, sérstaklega ef einhverjir hluthafar eru að selja bréfin á útsölu. Ég tel að það sé mikil tækifæri fölginn í félaginu og fagna öllum nýjum fjárfestum sem sjá þessi sömu tækifæri og við.“

Ákvörðun lífeyrissjóðanna um að selja virðist vera gagnrýni á þig persónulega, ekki satt?

„Það er erfitt fyrir mig að svara því en ef svo er þá vona ég að það sé vegna þess að fólk þekki mig ekki eða fyrir hvað ég stend. VÍS þarf á breytingum að halda. Hlutverk stjórnarinnar er skýrt – að tryggja góðan rekstur og hag hluthafa sem ég vil að fái sanngjarnan arð af sinni fjárfestingu. Við erum lögð af stað í þá átt og stjórnarmenn eru samstíga í sínum fyrirætlunum eins og sást meðal annars í ráðningu á nýjum forstjóra sem einhugur var um í stjórninni og staðfestir áherslur stjórnarinnar á að hlúa að innviðum tryggingafélagsins. Við höfum miklar væntingar til hans og munum styðja við hann með ráðum og dáð.“

Námskeið Í LEAN

HAGNÝT NÁLGUN VIÐ AÐ SETJA UPP FYRSTU TÖFLUNA

Þetta námskeið í sýnilegri stjórnun er hugsað fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér VMS töflur vel eða eru að hefja innleiðingu á töflu. Námskeiðið nýtist einnig þeim sem eru að nota töflu en vilja þróa hana áfram.

Farið er yfir tilgang sýnilegrar stjórnunar og hugmynda- og aðferðafræði kynnt. Áhersla er lögð á hagnýta nálgun og lausnir við töfluinnleiðingu og þátttakendur því hvattir til að mæta með hugmyndir til þess að fá sem mest út úr námskeiðinu.

Námskeiðið dreifist á tvo daga til þess að þátttakendur geti spreytt sig áfram með töflur milli kennsludaga og dregið lærdóm af notkun á eigin töflu.

Fyrri dagur : Fim. 18. maí kl. 9-12

Seinni dagur : Mið. 24. maí kl. 9-11

Verð : 29.900 kr.

Leiðbeinandi á námskeiðinu er **Lárus G. Lúðvígsson**, sérfræðingur á ráðgjafarsviði KPMG. Námskeiðið verður haldið á skrifstofu KPMG, Borgartúni 27.

Skráning á námskeiðið og nánari upplýsingar er að finna á kpmg.is



KPMG

Skotsilfur



Átti að stýra Sjóvá

Tilkynnt var á dögunum að **Helgi Bjarnason**, sem hefur verið framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka, tæki við sem nýr forstjóri VÍS. Ráðningin hefur mælst vel fyrir en Helgi er tryggingastærðfræðingur að mennt og var um tíma aðstoðarframkvæmdastjóri Sjóvár. Sagan segir að árið 2010 þegar hópur fjárfesta, undir



forystu Heiðars Guðjónssonar, vildi kaupa stóran hlut Eignasafns Seðlabankans (ESÍ) í Sjóvá þá hafi í kjölfarið staðið til að gera Helga að forstjóra tryggingafélagsins. Ekkert varð hins vegar af þeim kaupum þegar í ljós kom að fjárfestingafélag Heiðars var á sama tíma í skoðun hjá gjaldeyriseftirliti bankans. Heiðar stefndi Seðlabankanum síðar vegna tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir vegna sölufrelis Sjóvár.

Skrýtin tímasetning

Monica Caneman, sem hefur verið stjórnarformaður Arion banka frá 2010, tilkynnti nokkuð óvænt í liðinni viku að hún hefði ákveðið að láta af stjórnarsetu. Tímasetningin vekur nokkra furðu, daginn áður en stjórn bankans kom saman til að samþykkja uppgjör fyrsta ársfjórðungs, en aðeins tveir mánuðir eru liðnir frá aðalfundi þar sem hún var endurkjörin í stjórn. Í tilkynn-



ingu frá Arion banka var haft eftir Monicu að nýlegar breytingar á eignarhaldi mörkuðu ákveðin þáttaskil og því teldi hún rétt að hætta í stjórninni á þessum tímapunkti. Monica er þekkt í sænsku viðskiptalífi og ljóst að það er missir að henni fyrir bankann en stefnt er að skráningu hans á markaði í Svíþjóð síðar á árinu.

BREXIT
blikur á lofti?


FRÓÐLEIKSFUNDUR KPMG
MÁNUD. 22. MAÍ | 8:30 - 10:30
BORGARTÚNI 27 | 8. HÆÐ

Á þessum fróðleiksfundi verða tekin fyrir möguleg áhrif af útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. **Tim Sarson**, einn helsti sérfræðingur KPMG í Bretlandi um þetta málefni mun leiða umræðuna.

Meðal umfjöllunarefna verða:

- Hvaða áhrif getur Brexit haft á viðskipti og fjárfestingar tengdar Bretlandi fyrir aðildarríki EES.
- Möguleg áhrif Brexit á íslensk fyrirtæki.
- Hvaða hugsanlegu þjóðhagfræðileg áhrif Brexit getur haft á Bretland.
- Hvaða áhrif getur það haft á skatta og tollamál þegar Bretland er ekki lengur hluti af innri markaði ESB og hvernig birtast þau áhrif hér á landi.

Vinsamlega skráðu þig til þátttöku á kpmg.is



KPMG

Sigræðist Mario Draghi á lýðskruminu?



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Árið 2016 var pólitískt séð hálfgeft annus horribilis í hinum vestræna heimi, með Brexit og kosningu Trumps, og það var mikill ótti á fjármálamörkuðum við það hversu slæmt stjórnmálaástandið gæti orðið í Evrópu 2017. Enn sem komið er hefur flest farið betur en á horfðist.

Geert Wilders varð ekkert ágennt í Hollandi, í Frakklandi var umbótasinninn Emmanuel Macron kosinn forseti og í Þýskalandi er útlit fyrir að flokkur Merkel kanslara, CDU, verði áfram við völd eftir þingkosningarnar seinni á árinu. Og jafnvel á Íslandi urðu popúlistar að lúta í lægra haldi fyrir miðju- og hægri „kerfisflokkum“.

Svo að öllu samanlögðu virðist lýðskrumið vera að tapa fyrir kerfinu, eða öllu heldur fyrir hóflega umbótasinnuðum miðju- og

hægri flokkum víða um Evrópu. Það er nokkuð sem fjárfestar kunna greinilega að meta samanborið við tilhugsunina um ruglingslega stjórn öfgamanna og lýðskrumara á hægri eða vinstri vængnum.

En af hverju höfum við séð þessa endurkomu „kerfisins“? Og af hverju eru lýðskrumararnir hættir að vinna? Eitt svarið gæti auðvitað verið að kjósendur séu eftir allt saman ekki brjáláðir og að þeir skilji hvað er í húfi og að kosning Trumps og Brexit-úrslitin hafi hrætt kjósendur aftur út í meginstrauminn.

Annað grundvallarsvar er að kerfisflokkunum vegni einfaldlega betur af því að hagkerfum Evrópu vegni betur. Það er vissulega engin uppsveifla í Evrópu en síðasta árið hefur orðið sterkari hagvöxtur í jafnvel verst settu evrópsku hagkerfunum. Tökum Grikkland sem dæmi þar sem við höfum séð alvörumerki um aukinn hagvöxt á síðustu mánuðum.

Popúlism gengur ekki vel þegar efnahagslífið er í vexti. Og í Evrópu er aftur komið hagvaxtarskeið. Það er mín skoðun að það sé að miklu leyti vegna þess að Mario Draghi, bankastjóra Evrópska seðlabankans, tókst að fá í gegn slökun á peningamálasterfnum í formi svokallaðrar magnbundinnar íhlutunar á fyrri hluta árs 2015. Síðan þá hefur evrópskt efnahagslíf verið að taka við sér og í kjölfarið finna kjósendur það í formi hærri tekna og aukins atvinnuöryggis, og þá skyndilega virðast Le Pen og Wilders ekki

●● Og jafnvel á Íslandi urðu popúlistar að lúta í lægra haldi fyrir miðju- og hægri „kerfisflokkum“.

●● Popúlism gengur ekki vel þegar efnahagslífið er í vexti. Og í Evrópu er aftur komið hagvaxtarskeið.

aðlaðandi valkostir andspænis hefðbundnum frambjóðendum.

Fyrir næstum 170 árum sagði breski hagfræðingurinn John Stuart Mill að ef „peningamaskínan“ gengi vel tæki enginn eftir því og hagkerfinu vegnaði vel. Síðustu tvö ár hefur peningamaskína evrusvæðisins gengið vel og þar af leiðandi hefur evrópsku efnahagslífi vegnað betur og allt í einu er „stjórnmálmaskíunni“ líka farið að vegna betur.

Niðurstaðan er sú að saman hafa hin slæmu dæmi um Trump og Brexit, og árangur „peningamaskínu“ Draghis gert lýðskrumið afturreka. Það er hin raunverulega ástæða fyrir því að Frakkar hafa nú forseta að nafni Emmanuel Macron. Það er ekki allt frábært, en Evrópa virðist hafa færst frá aðstæðum 4. áratugarins og guði sé lof, eða öllu heldur Mario Draghi sé lof, fyrir það.

Er fasteignabóla á Íslandi?



Hin hliðin

Sigríður Hrud Guðmundsdóttir
löggtur fasteignasali hjá Fasteignakaupum og MBA

●● Efnahagsástand er gott í dag, vextir lágir og aðgengi að lánsfé gott.

Lítið framboð á húsnæði, sérstaklega á minni eignum, hefur verið lengi í umræðunni. Of lítið hefur verið byggt af íbúðum á liðnum árum til að anna þörf markaðarins og þær sem hafa verið byggðar eru margar í dýrari kantinum. Fyrstu kaupendum fer fjölgandi ásamt auknu innfluttu vinnuafli og ferðamönnum sem hefur allt leitt til aukinnar eftirspurnar umfram það sem gera mátti ráð fyrir. Væntingar hafa því verið undirliggjandi um hækkandi verð.

Við sem störfum á fasteignamarkaði urðum áþreifanlega vör við ákveðin kaflaskil eftir birtingu greiningarskýrslu Arion banka nú í lok janúar, þar sem spáð var 30

prósenta hækkun á næstu þremur árum. Sálfraedi markaðarins tók völdin enda eðlilegt að seljendur vilji fá sem hæst verð fyrir sína eign. Sú umræða um fasteignamarkaðinn sem fylgdi í kjölfarið gerði það að verkum að seljendur kiptu að sér höndum og í framboðsþurrð reiknaðist hækkunin inn í fasteignaverð mun hraðar en ella. Smærri íbúðir seldust strax á yfirverði og þeir sem voru í stækkunarhugleiðingum flýttu sér að kaupa.

Sú hækkun hefur þó aðeins fjarð út, markaðurinn er nú að róast og hefur leitað í meira jafnvægi. Það

bendir til þess að væntingar séu nú um hóflegar hækkunir. Einnig berast fréttir af fleiri byggingarlóðum, nú síðast í Úlfarsárdal, þó þær eignir komi augljóslega ekki alveg á næstunni inn á markaðinn.

Sálfraedi fasteignamarkaðar byggist á væntingum um verð, framboð, aðgengi og kjör lánsfjármagns. Greiningaraðilar verða að gæta að því með hvaða hætti þeir setja fram álit sitt. Þeir hafa mótandi áhrif á væntingar fólks sem getur leitt til offjárfestingar og vandamála ef spárnar ganga ekki eftir. Framsetning niðurstaðna verður að vera ábyrg og ekki tekin úr samhengi við áhættuna sem fylgir því að kaupa fasteign dýru verði. Eðli eignabóla er að þær eru drifnar af óraunhæfum væntingum. Efnahagsástand er gott í dag, vextir lágir og aðgengi að lánsfé gott. Í ljósi strangara greiðslumats verður að ætla að undirliggjandi geta fólks til að greiða af fasteignalánunum sé betri nú en fyrir hrun og því ólíklegt að um bólu myndun sé að ræða þrátt fyrir hækkandi verð.

Býr sig undir tónleika Rammstein

Svipmynd

Ósk Heiða Sveinsdóttir

Ósk Heiða Sveinsdóttir var ráðin markaðsstjóri Krónunnar og Kjarvals fyrir rúmu ári síðan en hún sinni áður sambærilegu starfi í markaðsdeild Íslandshótela. Hún segir það hafa reynst sér vel að eiga bakgrunn í hótélbransanum og nefnir einnig starf sitt sem markaðsstjóri hugbúnaðar-fyrirtækisins HugarAx. Ósk er með mastersgráðu í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði frá Háskóla Íslands, og tók hluta námsins við Copenhagen Business School, er gift með tvö börn, og situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

Hvað hefur komið þér mest á óvart á undanförunum mánuðum? Úrslit forsetakosninganna í Bandaríkjunum komu töluvert á óvart. Einnig kom það mér ánægjulega á óvart hvað ég lærði mikið á því að fara í markþjálfum. Það er alltaf gott að læra eitthvað nýtt og rýna í hlutina.

Hvaða app notarðu mest? Fyrir utan hið hefðbundna app fyrir tölvupóstinn nota ég langmest Facebook.

Hvað gerir þú í frístundum þínum? Af því að vikan hjá mér er alltaf þéttbókuð og mjög mikið að gera, þá reyni ég að hafa frístundir eins lítið skipulagðar og hægt er. Finnst mjög notalegt að vakna um helgar með ekkert planað og láta daginn bara ráðast með fjölskyldunni. Annars elska ég ferðalög og reyni að ferðast mjög reglulega.

Hvernig heldur þú þér í formi? Það hefur verið tekið í skorpum hjá mér en núna er ég mest í því að hlaupa á



Ósk Heiða Sveinsdóttir er markaðsstjóri Krónunnar og Kjarvals. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

eftir börnunum mínum. Huganum held ég í formi með því að grúska á bókasöfnum og sókkva mér í eitthvað sem ég veit lítið um, það er alveg nauðsynlegt.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Það fer

algjörlega eftir skapi hverju sinni, en það vill svo skemmtilega til að ég er á leiðinni á Rammstein tónleika þannig að það er svoldið verið að hlusta á þá þessa dagana.

Ertu í þínu draumastarfi? Að vinna

við markaðsmál, koma hlutunum í framkvæmd og geta unnið að verkefnum sem geta haft áhrif til góðs skiptir mig miklu máli. Þetta er allt eitthvað sem ég hef færi á í dag. Þegar ég byrjaði hjá Krónunni var sagt við mig: „Við

rédum þig ekki til að segja þér hvað þú átt að gera, þú átt að segja okkur hvað við eigum að gera.“ Það hentar mér vel og er algjör draumur. Starfið verður að styðja við þína ástríðu og eldmóð, þá gerast hlutirnir.



Tölvuleikir skáka tónlistinni



Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri VÍB

Tekjur af sölu miða á kvikmyndina Avatar náðu milljarði dollara á einungis 17 dögum um jólahátíðina 2009. Stórmyndin The Avengers náði því marki á 19 dögum. Milljarðinum var náð þremur dögum eftir útgáfu tölvuleiksins Grand Theft Auto V.

Í örum vexti

Vöxtur tölvuleikjainðsins hefur verið mun meiri undanfarin ár en í heimi kvikmynda, ritverka og tónlistar. Skv. spá PWC fram til ársins 2020 heldur þessi þróun áfram, en nú þegar skapa tölvuleikir talsvert meiri tekjur en allur tónlistariðnaðurinn og kvikmyndahús samanlagt. Þetta kann að koma á óvart þar sem lítið er fjallað um leiki í fjölmiðlum en hvaðan koma allir þessir fjármunir?

Ólík þróun tónlistar og leikja

Tekjur tónlistariðsins hafa dregist saman ár frá ári samhliða vexti stafrænnar dreifingar og eðlilega hafa tónlistarfólk og útgefendur af því miklar áhyggjur. Óumflýjanlegt er að framtíð tónlistar sé stafræn

en Spotify, YouTube, Apple Music og fleirum gengur illa að skapa ásættanlegar tekjur. Við virðumst ekki vilja greiða jafn mikið og áður fyrir tónlist.

Þetta er ekki vandamál í tölvuleikjaindunum. Niðurhal, áskriftir og öpp hafa aukið tekjur iðnaðarins til muna og tekjumöguleikar útgefenda eru fleiri en áður. Fleiri en 20 milljónir áskrifenda greiða fyrir aðgang að PlayStation Plus þjónustu Sony, en auk þess fyrir staka leiki sem hlaðið er niður stafrænt. Tekjur tölvuleikjaþjónustunnar Steam nema um 3,5 milljörðum dollara, tvöfalt meiru en stafrænt streymi tónlistar skilar á heimsvísu. Raunar nær öll útgáfa tónlistar rétt sambærilegum tekjum og fást af tölvuleikjum í snjalltækjum, sem þó er einungis fjórðungur tölvuleikjainðsins.

Auglýsendur hafa áttað sig á þessum spennandi markaði og eyða nú um 70% hærri upphæðum í að koma vörumerkjum sínum á framfæri í tölvuleikjum en fyrir fimm árum síðan.

Tökum leikina alvarlega

Það skiptir í raun litlu máli hvort okkur finnst tölvuleikir kjánalegir og hvaða skoðun við höfum á þeim sem eyða í þá miklu fjármagnni eða lífa jafnvel á að keppa á stórmótum. Þetta er mun stærri iðnaður en flestir gera sér grein fyrir og það er löngu tímabært að hann sé tekinn alvarlega.

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir sérstaka styrki 2017

Í 7. grein reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð eru tilgreindar heimildir sjóðsins til að veita **sérstaka styrki**:

- Styrkir til verkefna sem stuðla að samdrætti í olíunotkun til húshitunar eða rafmagnsframleiðslu utan veitna.**
- Styrkir til verkefna sem leiði til lægri kostnaðar við óniðurgreidda rafkyndingu húsnæðis eða mannvirkja í eigu sveitarfélaga.
- Styrkir til verkefna sem leiða til orkusparnaðar.

Ráðgjafarnefnd Orkusjóðs hefur ákveðið að styrkveitingar Orkusjóðs á árinu 2017 verði til verkefna samkvæmt B) lið ofangreindra heimilda.

Eingöngu er um fjárfestingarstyrki að ræða þ.e. styrki til kaupa á tækjum og búnaði. Styrkur nemur 50% af kaupverði, **þó að hámarki 2,5 m.kr.**

Við mat á umsóknum verður sérstaklega horft til:

- Að fyrir liggja raunhæf áætlun um olíusparnað.
- Áætlaðs olíusparnaðar í hlutfalli við kostnað.
- Að verkefnið sé vel undirbúið og að fyrir liggja ítarleg verk- og kostnaðaráætlun.

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2017

Skrifleg staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 20. ágúst 2017

Orkustofnun fylgir stefnu stjórnvalda um rafræna stjórnsýslu og skal senda rafrænar umsóknir af vef Orkustofnunar www.os.is

Nánari upplýsingar hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri í síma 569 6083 – Netgang Orkusjóðs er jbj@os.is - Orkusjóður á www.os.is

Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

Fasteign eða avókadó- brauðsneið

Sú umræða er ekki séríslensk að ómögulegt sé fyrir ungt fólk að eignast húsnæði. Hins vegar hefur slík umræða verið áberandi hér á landi undanfarið, en skemmst er að minnst þess írafars sem varð á dögnum vegna auglýsingar Íslandsbanka þar sem bankinn reyndi að fullvissa ungt fólk um að raunhæft væri að leggja skipulega til hliðar fyrir afborgun að fyrstu fasteign. Bankinn hlaut slíka gagnrýni fyrir að auglýsingastofunni sem bar ábyrgð á auglýsingunni var snarlega skipt út.

Auðvitað skal ekki gert lítið úr því að það er heljarinnar átak fyrir venjulegt fólk að safna sér fyrir fyrstu fasteign. Þannig á það líka að vera. Varla eru sjálfsgöð mannréttindi að fá afhenta lykila að þriggja herbergja íbúð á besta stað í miðborginni á tuttugu og fimm ára afmælisdaginn. Staðreyndin er líka sú að fasteignaverð í Reykjavík er ekki sérlega hátt í alþjóðlegu samhengi, og það jafnvel þótt krónan hafi sennilega aldrei verið sterkari og helstu samanburðarmyntir veikt til samræmis. Fjórutíu milljónir myndu til dæmis varla duga fyrir bærilegri fasteign, á bærilegum stað í neinni af höfuðborgum Norðurlandanna. Hvað þá þegar lítið er enn lengra, eins og t.d. til Bretlands, þar sem gjaldmiðillinn er þó í sögulegri krísu.

Við þetta má svo bæta að aðgengi að lánsfé er auðveldara á Íslandi en víðast hvar annars staðar. Vissulega eru kjörin á lánunum slæm. Það kemur þó ekki í veg fyrir að fólk geti eignast húsnæði og er raunar önnur og flóknari umræða um framtíðar gjaldmiðilsskipan þjóðarinnar. Hinum megin á hnettinum, í Ástralíu, hefur víst verið hávær umræða um sama mál – ungt fólk á húsnæðismarkaði. Ástralski auðkýfingurinn Tim Gurner lét þá hafa eftir sér að ungt fólk ætti einfaldlega að sleppa því að heimsækja hipsterakaffihús og fá sér mörg þúsund króna avókadóbrauðsneiðar ef það vildi eiga raunhæfa möguleika á að eignast fasteign. Auðvitað mun enginn pólitikus taka undir með Gurner, en er þetta ekki hluti vandans?

Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Það að koma undir sig fótunum kostar förnir. Á meðan er ekki hægt að láta allt eftir sér, og það þarf alltaf að gera málamíðlanir. Fyrsta eignin verður sennilega ekki draumaeignin. Kannski þarf húsnæðisumræðan á Íslandi á smá hreinskilni að halda. Hvar er hinn íslenski Tim Gurner?

Fyrirverandi þingmenn skrifa um útivist

Róbert Marshall og Guðmundur Steingrímsson, fyrirverandi þingmenn Bjartrar framtíðar, hafa stofnað útgáfufélagið Vertu úti utan um nýtt tímarit sem hefur fengið nafnið Úti. Samkvæmt skráningu félagsins hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra mun það gefa tímaritið út á íslensku og ensku en einnig framleiða annað fjölmiðlaefni og skipuleggja viðburði



Róbert Marshall

og fræðslu sem tengist útivist.

Félagarnir tveir sitja í stjórn útgáfufélagsins ásamt Brynhildi Ólafsdóttur, fyrirverandi fréttakonu og eiginkonu Róberts, og Alexíu Björg Jóhannesdóttur, fyrirverandi kynningarstjóra Borgarleikhússins og eiginkonu Guðmundar. Útgáfufélagið hét áður Reykjavík Casting ehf. og var stofnað 2006 af Alexíu Björgu. – hg

15.5.2017



Það er það sem ég er ofboðslega ósatt við að ekki lágu fyrir nægilegar upplýsingar, en þrátt fyrir það var hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra Íslands tilbúinn að segja að það væri jákvætt að vogunarsjóðir væru að veðja á Ísland.

Lilja Alfreðsdóttir,
þingmaður Framsóknarflokksins



Skrifstofuhúsnæði til leigu á besta stað í miðbænum.

Skrifstofuhúsnæði til leigu á 1. hæð á Hverfisgötu 4, 101 Reykjavík.

- Komið er inn í rýmið í gegnum sameiginlegt stigahús í miðju húsinu.
- Björt skrifstofa með stórum gluggum og fallegu útsýni.
- VSK húsnæði.
- Stærð 209,8 m².
- Húsnæði er laust strax og þarf að innrétta það.



Óskum eftir tilboðum, áhugasamir hafi samband við svava@ipstudium.is